

Stjórnarfundur í Delta Kappa Gamma á Íslandi, Skype 11. október 2016 kl 20-21:30

Eygló, Inga M., Kristín og Jónína

Um Skype

Fyrst um fyrirkomulag funda af þessu tagi og hvort Skype dugar nógu vel. Ýmis önnur forrit eru til, svo sem eins og Go to meeting, en ákveðið að láta reyna á þessa lausn að sinni, nota þennan miðil og sjá til.

Alþjóðlegar nefndir

Auglýst hefur verið eftir tilnefningum í alþjóðlegar nefndir. Um er að ræða tillögu í nefndir eins og Nomination (Uppstillingar) nefndina sjálfa, Finance nefndina, Administrative Board og þar með talinn Evrópuforsetann (Europe Regional Director) sem er partur af Administrative Board.

Allar félagskonur geta sent inn uppástungur um konur í þessar nefndir en við í stjórninni vitum ekki til að nein uppástunga hafi verið send frá okkur hér á Íslandi ennþá. Eygló mun skrifa þeim sem hafa starfað í alþjóðanefndum og hvetja þær til að skoða hvort þær gefi kost á sér. Varla getum við farið að hvetja konur í þessar nefndir, nema þær, sem hafa reynslu af að starfa í alþjóðlegum nefndum, eða sýna áhuga.

Heimsókn frá alþjóðasamtökunum í vor

Rætt var um heimsókn á vorþingið næsta vor frá alþjóðasamtökum. Það mun ekki kosta okkur nema fæði og húsnæði.

Skoðaður listi yfir þær konur, sem hægt er að velja um. Eftirtalin efni og fyrirlesarar voru talin spennandi

- Mindfulness Dr. Donna-Faye Madhosingh 3845 Blenheim St Vancouver, BC V6L 2Y5 Canada Telephone: 604-739-8029 dmadhosingh@yahoo.com
- Every Member Has a Voice...Let's Talk About It! Becky Sadowski 909 W. Main Street Brownsville, TN 38012 Telephone: 901-603-4994 beckysadowski@hotmail.com
- Doing twice as much. Women Who Lead the Way; Healthy Chapters: a wellness check; Doing Twice as Much in Half the Time Barbara Whiting 4100 Shenandoah Lane N Plymouth, MN 55446-2633 Telephone: 763-550-1213 whitings@att.net

Eygló tekur að sér að bera Menntamálanefnd þessa skoðun stjórnar.

Afmælið 7. nóvember næstkomandi

Hvetja alla félagi til þátttöku í afmælisveislu 7. nóvember. Alltof fáar konur hafa nú bókað sig. Áríðandi að reyna að fjölga þeim. Enn vantar einn fyrirlesara og ekki er alveg klárt með móttöku.

Guðbjörg tekur að sér að hýsa og transporta með Marianna Skardeus og nú vantar hús fyrir tvo norska þátttakandur, sem hafa boðað komu sína í afmælið.

Dagskrá afmælisins reifuð. Kristín er í undirbúningsnefnd og sagði okkur frá vinnunni við undirbúninginn.

[Þingin rædd, vorþing í vor \(2016\) og Landssambandsþingið 2017](#)

Nú þarf að ákveða sem fyrst hvenær þingið á að vera eftir eitt og hálft ár á Akureyri 2017 / Húsnæði er svo upptekið, löngu frátekið að brýnt er að ákveða tímann.

Það þarf líka að fara að tilnefna í undirbúningsnefndir fyrir bæði þessi þing, sérstaklega fyrir vorþingið næsta vor, sem haldið verður 30. apríl í Reykjavík.

[Skype - aftur](#)

Ákveðið að hittast aftur á Skype, sennilega eftir afmælið 7. nóv. Ef Eygló á erindi suður mun hún láta vita og húa í stjórnarfund. Annars mun stjórnin stefna að því að Skype dugi.

Hópurinn hélst ekki allur inni allan tímann, en vildi reyna þetta fyrirkomulag næst. Þá koma Sigríður og Guðbjörg með í hópinn. Þær voru fjarri í þetta skipti.

Jónína skráði